

Nefndasvið Alþingis

Austurstræti 8-10

150 Reykjavík

## Umsögn

### Félag um foreldrajafnrétti

**Umsögn 25. mál. – Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 95/2000, um fæðingar- og foreldraorlof, með síðari breytingum (andvanafæðing).**

#### Umsögn félagsins:

Félagið gerir ekki athugasemdir við frumvarpið sem slíkt en leggur þó til endurskoðað verði í IV. Kafli laganna n.t.t. 8. gr. þar sem getið er um samþykkt forsjárforeldris vegna töku forsjárlausss foreldris á fæðingarorlofi.

Félagið leggur til að þessi liður sé endurskoðaður enda er fæðingarorlof forsjárlausra foreldra byggt eingöngu á ákvörðunum þess foreldris sem fer með forsjána. Slíkt er að mati félagsins afar ósanngjarnt þar sem forsjárlausir foreldrar hafa þannig engan möguleika til fæðingarorlofs sé forsjárforeldrið andvígt því – jafnvel þó umgengni við barn sé til staðar.

Leggur því félagið til að þessi kafli laganna verði endurskoðaður með það að markmiði að bæta réttarstöðu forsjárlausra foreldra.

Október 2015

Stjórn félags um foreldrajafnrétti



29. september 2015  
Hallveigarstöðum, Reykjavík

Efni: Umsögn Kvenréttindafélags Íslands um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 95/2000, um fæðingar- og foreldraorlof, með síðari breytingum (andvanafæðing), þingskjal 25 – 25. mál.

Kvenréttindafélag Íslands fagnar fram komnu frumvarpi um að jafna skuli rétt foreldra sem eiga andvana barn eftir 22 vikna meðgöngu og foreldra sem missa barn stuttu eftir fæðingu á meðan á fæðingarorlofi stendur og tekur undir þau sjónarmið sem fram koma í frumvarpinu og greinargerð með því. Um mikilvægt mál er að ræða og vonast Kvenréttindafélagið til þess að frumvarpið verði að lögum.

Það er afstaða Kvenréttindafélagsins að leggjast þurfi í heildarendurskoðun á lögum og fæðingar- og foreldraorlof. Töluverð umræða hefur verið um nýtingu feðra á fæðingarorlofsrétti sínum undanfarið og fram hefur komið að hlutfall feðra sem tekur fæðingarorlof hefur lækkað mikið á undanförunum árum. Haldi sú þróun áfram fer það markmið laganna að stuðla að kynjajafnrétti á vinnumarkaði fyrir lítið, auk þess að það hefur slæm áhrif bæði á feður og börn þeirra að njóta takmarkaðra samvista fyrstu mánuði eftir fæðingu. Kvenréttindafélag Íslands leggur áherslu á að breyta þurfi reglum um hámarksþak á greiðslur úr sjóðnum til að mæta þessari þróun, en meginástæða þess að feður eru hættir að taka orlof í jafn miklum mæli er að heimili ráða ekki við tekjuskerðinguna sem hlýst af því að báðir foreldrar fari í orlof. Þá telur félagið einnig að lengja þurfi fæðingarorlof til að brúa bilið á milli orlofs og leikskóla eða annar dagvistunar. Þá er það skoðun Kvenréttindafélagsins að tryggja þurfi jafnan rétt beggja foreldra til fæðingarorlofs, og afnema þann rétt sem foreldrar hafa rétt til að deila sín á milli. Reynslan sýnir að mæður nota þann rétt í mun meira mæli en feður, eðilega, þar sem þær eru bæði að jafna sig eftir fæðinguna og oft með barn á brjósti. Kynin eru því ekki jafn sett þegar kemur að rétti til orlofstöku og telur félagið að það þurfi að leiðrétta. Á vinnumarkaði er enginn annar réttur sem fólki er gert að deila með öðru fólki.



MANNRÉTTINDASKRIFSTOFA ÍSLANDS  
ICELANDIC HUMAN RIGHTS CENTRE

Alþingi  
Nefndasvið  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 22. september 2015.

**Efni: Umsögn Mannréttindaskrifstofu Íslands um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 95/2000, um fæðingar- og foreldraorlof, með síðari breytingum, 145. löggjafarþing 2015 -2016. Þingskjal nr. 25 – 25. mál.**

Mannréttindaskrifstofu Íslands (MRSÍ) hefur borist til umsagnar ofangreint frumvarp til laga um breytingu á lögum um fæðingar- og foreldraorlof. Með frumvarpinu er lagt til að réttur foreldra til fæðingarorlofs og fæðingarstyrks við andvana fæðingu barns verði lengdur í þrjá sjálfstæða mánuði til hvors um sig, auk þriggja mánaða sem annað foreldrið getur tekið í heild eða foreldrar skipt með sér.

MRSÍ fagnar framangreindu frumvarpi og telur hér vera stigin nauðsynleg skref í átt að jafna rétt þeirra sem eiga andvana barn eftir 22 vikna meðgöngu og rétt foreldra sem missa barn stuttu eftir fæðingu.

Gerir skrifstofan því ekki sérstakar athugasemdir við hið framlagða frumvarp aðrar en að vísa í 65. gr. Stjórnarskrár Lýðveldisins Íslands nr. 33/1944 segir að allir skuli vera jafnir fyrir lögum.

Virðingarfyllst,

f.h. Mannréttindaskrifstofu Íslands

---

Margrét Steinarsdóttir, framkvæmdastjóri

Reykjavík 14. október 2015

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 95/2000, um fæðingar- og foreldraorlof, með síðari breytingum (andvanafæðing).**

Vísað er til tölvuskeytis frá nefndasviði Alþingis, dagsettum 21. september sl., þar sem þess er farið á leit að Miðstöð foreldra og barni láti uppi afstöðu sína til breytinga á lögum nr. 95/2000, um fæðingar- og foreldraorlof með síðari breytingum (andvanafæðing). Með frumvarpi þessu er lögð til sú breyting að jafna rétt foreldra sem eiga andvana barn eftir 22. viku meðgöngu við rétt foreldra, sem missa barn stuttu eftir fæðingu.

Miðstöð foreldra og barna fagnar efni frumvarpsins og þeim breytingum sem þar gefur að líta enda standa engin málefnaleg eða sanngirnirök til þess greinarmunar sem nú er gerður samkvæmt gildandi lögum, á rétti foreldra til fæðingar- og foreldraorlofs í kjölfar andláts barns eftir 22. vikna meðgöngu og andláts barns skömmu eftir fæðingu.

Miðstöð foreldra og barna hefur í störfum sínum lagt þunga áherslu á að jafnræðis sé gætt hvívetna við útfærslu á lögum og regluverki um málefni barna, ekki síst ungbarna. Af því tilefni er vakin athygli á þeim greinarmun sem gerður er á rétti ungbarna til að njóta umönnunar foreldra samkvæmt gildandi lögum um fæðingar- og foreldraorlof. Þannig er kveðið á um í 4. mgr. 8. gr. laganna að foreldri öðlist rétt til fæðingarorlofs í allt að níu mánuði ef hitt foreldrið andast á *meðgöngu* barns og barnið fæðist lifandi. Er hér á ferðinni sjálfstæður réttur foreldris til níu mánaða fæðingarorlofs undir þessum tilteknu kringumstæðum, þ.e. að hitt foreldrið andast á meðgöngu og barnið fæðist lifandi. Samkvæmt orðanna hljóðan nær umrætt ákvæði ekki til þeirrar aðstöðu þegar foreldri andast *eftir* fæðingu barns.

Í 8. mgr. sömu greinar er kveðið á um að ef annað foreldrið andast áður en barn nær 24 mánaða aldri færir réttur til fæðingarorlofs sem hinn látni hefur ekki þegar nýtt sér yfir til eftirlifandi foreldris. Það ákvæði hefur á hinn bóginn verið túlkað með þeim hætti í framkvæmd að rétturinn færir eingöngu á milli foreldra sé sameiginlegri forsjá fyrir að fara eða samningi um umgengni. Þannig á barn sem á foreldri sem andast skömmu fyrir fæðingu, þess kost að njóta umönnunar hins foreldrisins í níu mánuði. Hið sama gildir um barn sem á foreldri sem andast skömmu eftir fæðingu þess enda hafi foreldrar verið í hjúskap eða skráðri sambúid.

Af þessu leiðir að ef barn, sem ekki fæðist innan hjónabands eða skráðrar sambúðar, missir foreldri skömmu eftir fæðingu á það aðeins rétt til umönnunar hins eftirlifandi foreldris í sex mánuði.

Ljóst má vera að börnum er mismunað á grundvelli núgildandi laga eftir stöðu foreldra þeirra. Hefur m.a. umboðsmaður Alþingis vakið athygli á þessum meinbugum laganna í álitni nr. 7934/2014 en ekki verið brugðist við þeim athugasemdum og aðfinnslum af hálfu löggjafans.

Miðstöð foreldra og barna telur að lagareglur og sjónarmið sem m.a. lúta að jafnræði og friðhelgi einkalífs leiði til þess að ekki sé unnt að gera slíkan greinarmun á stöðu barna. Hefur raunar Mannréttindadómstóll Evrópu túlkað 14. gr. Mannréttinasáttmála Evrópu, sbr. lög nr. 62/1994, með þeim hætti að hún feli í sér bann við að greinarmunur sé gerður á réttarstöðu manna eftir því hvort þeir fæðist innan eða utan hjónabands.<sup>1</sup> Af gefnu tilefni skorar Miðstöð foreldra og barna á ráðherra að ljá atbeina sinn við endurskoðun laganna að þessu leyti.

Virðingarfyllst,

---

Anna María Jónsdóttir,  
geðlæknir

---

Helga Hinriksdóttir,  
hjúkrunarfræðingur og ljósmóðir

---

Stefanía B. Arnardóttir,  
hjúkrunarfræðingur

---

Sæunn Kjartansdóttir,  
hjúkrunarfræðingur og sálgreinir

---

<sup>1</sup> Sjá t.d.: Marckx gegn Belgíu (mál nr. 6833/74), Camp og Bourimi gegn Hollandi (mál nr. 28369/95) o.fl.



Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

5 október, 2015

**Efni: 25. mál, lagafrumvarp**

**Pingskjal 582 – 458. mál. 145. löggjafarþing 2015–2016.**

Rannsóknastofnun í barna- og fjölskylduvernd (RBF) þakkar fyrir að fá tækifæri til að gera athugasemdir við endurskoðun á fæðingarorlofslöggjöfnni. Dr. Helga Sól Ólafsdóttir, lektor í Félagsráðgjafardeild Háskóla Íslands vann álitid. Ástæða er til að nefna hér sérstaklega eftirfarandi atriði:

Það er gott að sjá fyrsta skref af endurskoðun á fæðingarorlofslöggjöfnni sem er því miður að mörguleiti meingölluð. Enda var ekki leitað til sérfræðinga sem vinna daglega við þennan málaflokk og sjá hvar þörfinn er (t.d. félagsráðgjafa á kvennadeildinni) þegar hún var gerð. Tímabært er að endurskoða rétt foreldra til fæðingarorlofs þegar barn deyr í móðurkviði. Er breytingin sem nú er kynnt til mikillra bóta enda er verið að gefa foreldrum rímri rétt til fæðingarorlofs enda hefur reynslan sýnt fram á að 1 1/2 mánuður fyrir hvort foreldri er engan veginn nóg.

Fyrsta athugasemdi við þetta frumvarp er varðandi fleirburafæðingar þar sem annað barnið deyr í móðurkviði en hitt fædist lifandi. Að syrgja barn og gleðjast yfir öðru er flókið ferli og óhætt að segja að fyrstu mánuðir eru erfiðir. Mikilvægt er að þau fái að halda þeim auka mánuðum sem fleirburafæðingar gefa þó að foreldrar missi annað barn sitt.

Önnur athugasemd er þegar foreldrar eru ekki skráðir saman eða gift. Hefur faðir því engan rétt til fæðingarorlofs þar sem látið barn er ekki feðrað. Það þarf að athuga hvernig er hægt að mæta þessum aðstæðum. Foreldrar eru oft saman en hafa ekki gengið frá skráningu á sambúð formlega. Einnig þó að foreldrar séu ekki saman þá getur faðir þurft svigrún til að syrgja látið barn sitt.

f.d. Rannsóknastofnunar í barna- og fjölskylduvernd

framkvæmdastjóri

Reykjavík, 2. október 2015

UB: 1510/4.1.1

**Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 95/2000, um fæðingar- og foreldraorlof, með síðari breytingum (andvanafæðing), 25. mál.**

Vísað er til tölvupósts frá nefndasviði Alþingis, dags. 21. september sl., þar sem óskað er eftir umsögn umboðsmanns barna um ofangreint frumvarp.

Í frumvarpinu er lagt til að foreldrar sem eignast andvana barn öðlist sama rétt til fæðingarorlofs og aðrir foreldrar. Umboðsmaður barna styður þessa tillögu. Sérstaklega getur þetta skipt mál þegar foreldrar eiga önnur börn, enda getur það verið mikilvægt út frá hagsmunum barna að foreldrar þeirra fái fullnægjandi tækifæri til að takast á við þá sorg sem fylgir því að fæða andvana barn.

Að gefnu tilefni vill umboðsmaður barna benda á bréf sem hann sendi félags- og húsnæðismálaráðherra 21. maí sl. þar sem skorað er á ráðherra að beita sér fyrir því að lög um fæðingar- og foreldraorlof verði endurskoðuð, þannig að börnum verði ekki mismunað með ómálefnalegum hætti eftir stöðu foreldra þeirra. Umboðsmaður barna hvetur velferðarnefnd til þess að kynna sér efni bréfsins, en það má nálgast [hér](#) á vef embættisins.

Virðingarfyllst,

Margrét María Sigurðardóttir,  
umboðsmaður barna

22. september 2015

Umhyggja, félag langveikra barna fagnar frumvarpi til laga um breytingar á lögum nr. 95/2000 um fæðinga- og foreldraorlof, með síðari breytingum (andvanafæðing).

F.h. stjórnar Umhyggju,

---

Ragna K. Marinósdóttir  
framkvæmdastjóri Umhyggju



Viðtakandi: Velferðarnefnd Alþingis  
Sendandi: Fæðingarorlofssjóður  
Dags.: 17. nóvember 2015  
Efni: Kostnaðaráætlun Fæðingarorlofssjóðs.

Við er til erindis velferðarnefndar Alþingis, dags. 12. nóvember 2015, vegna frumvarps til laga um breytingu á lögum nr. 95/2000, um fæðingar- og foreldraorlof (ffl.), sbr. þingskjal 25 – 25 mál á 145. löggjafarþingi 2015 – 2016. Óskað er eftir áætlun frá Fæðingarorlofssjóði um kostnað sjóðsins við þær breytingar sem frumvarpið gerir ráð fyrir auk athugasemda um áhrif breytinganna á sjóðinn.

Samkvæmt frumvarpinu er gert ráð fyrir að réttur foreldra til fæðingarorlofs skv. 12. gr. ffl. og fæðingarstyrks skv. 20. gr. ffl. við andvanafæðingu eftir 22 vikna meðgöngu verði sjálfstæður í allt að þrjú mánuði fyrir hvort foreldri um sig og sameiginlegur í þrjú mánuði að auki, alls níu mánuðir. Tímalengdin er sú sama og foreldrar eiga rétt á vegna fæðingar barns og er því um breytingu að ræða frá því sem verið hefur.

#### ***Kostnaðaráætlun Fæðingarorlofssjóðs***

Sé horft til fæðingarársins 2014 greiddi Fæðingarorlofssjóður foreldrum vegna 14 andvanafæðinga. Þar af voru 9 andvanafæðingar greiddar skv. 12. gr. ffl. (7.618.785 kr.) en 5 skv. 20. gr. ffl. (2.036.941 kr.) alls kr. **9.655.726.**

Hefði hins vegar verið greitt í samræmi við frumvarpið, og að því gefnu að réttur beggja foreldra hefði verið nýttur að fullu, hefði kostnaður skv. 12. gr. ffl. verið kr. 23.623.835 og skv. 20. gr. ffl. kr. 6.098.625 eða alls kr. **29.722.460.**